

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

14. fundur haldinn á skrifstofu SSH Hamraborg 9, Kópavogi 8. september 2008 kl.14.00

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður og Svandís Svavarsdóttir.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson, varaform. og Rósa Guðbjartsdóttir.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson.

Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson og Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes:

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson og Kristinn Guðmundsson.

Kjósarhreppur:

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors

Auk þess sátu fundinn: Haraldur Sigurðsson, Reykjavík, Smári Smáráson, Birgir H. Sigurðsson og Geir Marelsson, Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Gísli Ó. Valdimarsson varaformaður bauð Júlíus Vífil Ingvarsson nýjan nefndarmann velkominn og lagði til að hann yrði kjörinn formaður í stað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem viku úr nefndinni. Tillagan var samþykkt og tók Júlíus við stjórn fundarins.

1. **Fundargerð 13. fundar frá 11. ágúst sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Tvöföldun Suðurlandsvegar - ósk um breytingu á svæðisskipulagi.** Lagt var fram bréf frá skipulags- og umhverfissviði Kópavogs dags. 8. september 2008 og drög að skýrslu Línuhönnunar – Umhverfismat fyrir breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Tillaga Einars K. Jónssonar er varðar breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Suðurlandsveg - tvöföldun frá Hólmsá að Hveragerði verði afgreidd skv. 2. mgr. 14.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt.

3. **Kársnes-vestursvæði.** Lögð voru fram eftirfarandi bréf: Bréf frá skipulags- og umhverfissviði Kópavogs dags. 11. ágúst 2008, bréf frá Reykjavíkurborg til skipulags- og umhverfissviðs Kópavogsbæjar dags. 25. ágúst 2008 og bréf frá

Betri byggð á Kársnesi dags. 4. september 2008 er varðar fyrirhugaða breytingu á Svæðisskipulagi vegna Kársness-Vesturhluta.

Fulltrúi Kópavogs lagði til að heimilað yrði að leggja fram til kynningar tillögu að verulegri breytingu á svæðisskipulagi Kársness samkvæmt 1. mgr. 13.gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Tillagan, forsendur hennar og markmið verður kynnt á almennum fundi í Lindarskóla fimmtudaginn 25. september nk. kl. 19.30 og verður kynningin auglýst með áberandi hætti. Nefndin samþykkti að tillagan verði kynnt með ofangreindum hætti.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar lögðu fram eftirfarandi bókun sem Kristinn Guðmundsson tók efnislega undir:

Fulltrúar Reykjavíkurborgar í samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu leggjast ekki gegn því að fyrirbyggjandi tillaga að verulegri breytingu við Kársnes verði kynnt sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga. Fulltrúar Reykjavíkurborgar í nefndinni áskilja sér hins vegar fullan rétt til að gera athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu þegar hún verður tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd, sbr. 2. mgr. 13. gr. og á síðari stigum þegar tillagan verður send sveitarfélögunum til umfjöllunar sbr. 4. mgr. 13. gr. Enn fremur er áréttað það sem kemur fram í umsögn skipulags- og byggingarsviðs, dagsett 25. ágúst sl.: „Að það er ekki ásættanlegt að eitt sveitarfélaganna við Skerjafjörð fari með landfyllingu svo langt í sjó fram, nánast að sveitarfélagamörkum sínum, sem óhjákvæmilega skerðir sameiginlegt útvistarsvæði sveitarfélaganna í Skerjafirði. Ljóst er að ef hin sveitarfélögin áformuðu sambærilegar landfyllingar sín megin hefði það veruleg og óafturkræf áhrif á lífríki Skerjafjarðar og voganna.

Þá var lögð fram tillaga að svohljóðandi almennri bókun sem var samþykkt:

Samvinnunefndin ályktar að mikilvægt er að ekki verði ráðist í gerð landfyllinga á höfuðborgarsvæðinu, fyrr en tilhlýðulegu skipulags- og matsferli sé lokið sbr. skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat áætlaða og lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

4. Störf samvinnunefndar.

Fundargerð stjórnar SSH frá 1. september sl. var lögð fram. Þar kemur fram að störf samvinnunefndar voru rædd sérstaklega á fundinum og nauðsyn þess að skoða einstaka þætti svæðisskipulagsins með tilliti til breytinga á forsendum gildandi svæðisskipulags. Búið er að halda 10 fundi í samvinnunefndinni á þessu ári þrátt fyrir að stundum hafi verið erfitt að finna fundartíma sem hentaði. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að koma með tillögu um fastan fundartíma og miða við fund mánaðarlega. Einnig kom fram ábending um að

dagskrá ætti að vera ítarlegri og framkvæmdanefnd sem kveðið er á um í starfsreglum samvinnunefndarinnar ætti að virkja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.